

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 931 (17.1.2020) - Beiðni um styrk til að efla neyðarvarnir í Dalvíkurbyggð

Málsnúmer : 202001003
Málsaðili : Rauði krossinn við Eyjafjörð
Niðurstaða (stutt) : Hafnað
Fundardagur : 17.01.2020

Inngangur : Á 929. fundi byggðaráðs þann 9. janúar sl. var tekið fyrir erindi frá Eyjafjarðardeild Rauða krossins dagsett 19. desember 2019, þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 2.000.000 króna til að efla neyðarvarnir í Dalvíkurbyggð.

Styrkurinn er ætlaður til búnaðarkaupa fyrir neyðarvarnakerru, þannig að á Dalvík verði fullnægjandi búnaður til að opna fjöldahjálparstöð. Búnaðarlisti kerrunnar fylgdi með erindinu.

Byggðaráð fól sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið og fyrirkomulag í nágrennasveitarfélögunum og lagði hann fram frekari upplýsingar um málið á fundinum.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að hafna erindinu. Ennþá er verið að vinna úr gögnum vegna óveðursins í desember og þar voru aðstæður mjög óvenjulegar fyrir Dalvíkurbyggð þar sem 50 manns voru á köldu svæði sem er ekki öllu jafna, í vinnubúðum við Dalvíkurhöfn. Því telur byggðaráð ekki tímabært að ráðast í kaup á slíkum búnaði að svo stöddu. Byggðaráð telur að kortleggja þurfi stærra svæði með tilliti til fjölda kerra og aðgengi að þeim t.d. Eypings svæðið.